

Reykjavík 23. júní 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breyt. á alm. hegningarlögum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál.

Frumvarpið er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003. Markmiðið er að heimila að maður verði sóttur til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin utan íslenskra ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að þeim.

Ríkissaksóknari tekur undir þá breytingu sem lagt er til að gerð verði á almennum hegningarlögum og lýsir yfir stuðningi við frumvarpið.


Valtýr Sigurðsson

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík